



Reykjavík, xx. febrúar 2026

MIR26020006

ERINDISBRÉF

Starfshópur um framtíðarfyrirkomulag varðveislurýma fyrir listasöfn

Ábyrgðarmaður: Arnfríður S. Valdimarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála

Inngangur:

Á fundi menningar- og íþróttaráðs þ. 13. febrúar sl. var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur um framtíðarfyrirkomulag varðveislurýma fyrir listasöfn. Starfshópurinn skipa fulltrúar frá Listasafni Reykjavíkur, Nýlistasafninu, Listasafni Íslands, Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu og menningar- og íþróttasviði Reykjavíkur.

Ábyrgðaraðili er skrifstofustjóri menningarborgar.

Listaverkageymslur eru grunnþáttur í starfsemi listasafna og er góður aðbúnaður safnkostsins forsenda þess að þeirri arfleifð sem safninu er falin verði skilað óspilltri til komandi kynslóða. Á undanförnum árum hefur þörf fyrir aukið varðveislurými orðið æ brýnni. Húsnæði er ólíkt og misjafnt að umfangi og gæðum, sumt viðunandi og annað algerlega ófullnægjandi. Jafnt og þétt bætist við listaverkæign safna í samræmi við hlutverk þeirra og er ljóst að úrlausna er þörf. Samþykkt hefur verið að stofna starfshóp um varðveislurými fyrir Listasafn Reykjavíkur og Nýlistasafnið. Þá er ljóst að Listasafn Íslands stendur frammi fyrir allmiklum vanda. Með þessum starfshóp er stigið mikilvægt skref í átt að samræmdri langtímalausn sem þjónar þörfum safnanna, almennings og íslensks menningararfs.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er skoða kosti þess að móta heildstæða framtíðarsýn um varðveislurými fyrir Listasafn Reykjavíkur og Nýlistasafnið, og eftir atvikum einnig Listasafn Íslands. Meta þarf núverandi húsnæði og aðstæður, greina þarfir hvers safns til skemmri og lengri tíma og safna gögnum um ástand, rýmisþörf, tækniröfur og öryggi. Kanna ber möguleika á sameiginlegu varðveislusetri, þar sem samnýting rýma, tækjabúnaðar og þjónustu gæti skapað hagkvæmni og aukið faglegt öryggi. Kortleggja þarf raunhæfar húsnæðislausnir, hvort sem þær felast í nýbyggingu, aðlögun fyrirbyggjandi húsnæðis eða samþættingu við aðra menningarinnviði. Starfshópur skilar tillögum að langtímalausn.



Reykjavík

**Helstu verkefni/viðfangsefni:**

- Taka sama fyrri greiningar og fyrirbyggjandi gögn.
- Rýna núverandi ástand og staðsetningar varðveislurýma.
- Meta framtíðarþarfir listasafnanna, m.a. miðað við vöxt safnkosts og breytt viðmið í varðveislufræðum.
- Greina kosti og galla mismunandi húsnæðis- og samstarfsleiða, rekstri, verkstæðum, forvörslu og leiða til miðlunar, þ.m.t. sýnilegs varðveislurýmis sem veitir almenningi aukinn aðgang að safnkosti í geymslu.
- Kortleggja tæknilegar og rekstrarlegar forsendur.
- Kanna möguleika á samstarfi við önnur safn- eða menningarhúsnæði, bæði innan sveitarfélaga- og ríkisrekin.
- Skila samantekt og tillögugerð til ábyrgðaraðila.

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Arnfríður Valdimarsdóttir, formaður, skrifstofustjóri menningarmála hjá Reykjavíkurborg
Markús Þór Andrússon, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur
Heiðar Kári Rannversson, safnstjóri Nýlistasafnsins
Fulltrúi Listasafns Íslands (ef við á)
Fulltrúi Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti (ef við á)

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Sigurður Trausti Traustason, deildarstjóri safneignar og rannsókna hjá Listasafni Reykjavíkur.


Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á. Starfshópnum er heimilt að vinna í samráði við:

- Sérfræðinga í varðveislu listaverka og safnafræðum
- Fulltrúa húsnæðissviða borgar og ríkis
- Aðra hagaðila eftir þörfum

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðaraðila kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok árs 2026.


Arnfríður S. Valdimarsdóttir
Menningarborgin
Menningar- og íþróttasvið

**Reykjavík**